

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 30. mars 2023
Málsnúmer: DSS202303-0129/0.09

Efni: Umsögn dómstólasýslunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 50/2016, þingmál 822

Dómstólasýslan þakkar fyrir bréf allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 16. mars sl. þar sem henni er boðið að senda nefndinni umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 50/2016, þingmál 822.

Dómstólasýslan telur það afar brýnt að fjölga dómurum við Landsrétt um að minnsta kosti einn eins fljótt og kostur er svo unnt verði að halda ásættanlegum málshraða við réttinn og koma í veg fyrir að málsmeðferðartími lengist.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til erindis dómstólasýslunnar til dómsmálaráðuneytisins 7. desember sl. þar sem athygli ráðuneytisins var vakin á brýnni þörf á fjölgun dómara við Landsrétt. Erindinu fylgdi ítarlegri greinargerð Landsréttar um stöðu mála hjá réttinum. Eins og fram kemur í framangreindu erindi dómstólasýslunnar hafa um sex ársverk dómara við Landsrétt farið forgörðum við réttinn á undanförunum árum. Það má meðal annars rekja til heimsfaraldurs kórónuveiru og þeirrar stöðu sem kom upp vegna dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 12. mars 2019 í máli nr. 26374 (Guðmundur Andri Ástráðsson gegn Íslandi) og síðar dómi yfirdeildar Mannréttindadómstólsins. Frekari rýni á stöðu mála hjá Landsrétti hefur einnig leitt í ljós að álag við réttinn hefur vaxið töluvert undanfarin ár. Skýring þess er meðal annars sú að í nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands og Mannréttindadómstóls Evrópu hefur verið gerð ríkari krafa um skýrslutökur fyrir Landsrétti og spilun á upptökum af skýrslutökum úr héraði en ráð var fyrir gert við undirbúning stofnunar Landsréttar. Sá tími sem dómara Landsréttar verja í dómsal við meðferð sakamála hefur af þessum sökum aukist umtalsvert og vinna við samningu dóma orðið meiri. Þær forsendur sem lágu fyrir við ákvörðun fjölda dómara við Landsrétt hafa því breyst.

Að lokum gefur fjölgun dómara úr 15 í 16 möguleika á að skipuleggja betur starfið við réttinn. Vegna lögbundins réttar dómara til námsleyfis má gera ráð fyrir að jafnaði sé einn dómari í leyfi. Af þeim sökum starfa nú fjórar þriggja manna deildir við réttinn en þeim má fjölga í fimm, verði einum dómara bætt við.

Með vísan til framangreinds styður dómstólasýslan að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi og vonast til að frumvarpið fái eins skjóta meðferð og kostur er. Að mati dómstólasýslunnar er varhugavert að gera ráð fyrir því að útgjaldaukning um 30 millj. kr. á ári til framtíðar rúmist að fullu innan fyrirbyggjandi útgjaldaramma dómstólanna.

Virðingarfyllt,

Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri